

Borgum v/ Norðurlóð  
600 Akureyri  
Sími 460-8900 Fax 460-8919  
rha@unak.is  
<http://www.rha.is>



## **ÞARFAGREINING**

*Áningarstaðir fyrir ferðamenn sem nota  
Strætó bs. á leiðum 57, 56, 78 og 79 um Norðurland*

*Ágúst 2013*

*Valtýr Sigurbjarnarson  
Hjalti Jóhannesson*

*Verknúmer: R13006FER*

© RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2013

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-06-2013

L-ISSN-1670-8873



***Skýrsla unnin fyrir Rannsóknamiðstöð Ferðamála***



# EFNISYFIRLIT

<b>1.</b>	<b>INNGANGUR .....</b>	<b>10</b>
<b>2.</b>	<b>AÐFERÐAFRÆÐI .....</b>	<b>11</b>
<b>3.</b>	<b>LEIÐIR, TÍMAÁÆTLUN OG FLEIRA .....</b>	<b>12</b>
3.1.	LEIÐ 57, REYKJAVÍK - AKUREYRI.....	12
3.2.	LEIÐ 78, AKUREYRI – SIGLUFJÖRÐUR.....	15
3.3.	LEIÐ 56, AKUREYRI – REYKJAHLÍÐ (EGILSSTAÐIR).....	16
3.4.	LEIÐ 79, AKUREYRI – HÚSAVÍK (KÓPASKER, RAUFARHÖFN, ÞÓRSHÖFN).....	17
3.5.	AKUREYRI – GRENIVÍK – AKUREYRI.....	19
<b>4.</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR .....</b>	<b>20</b>
4.1.	ÁHUGAVERÐUSTU ÁNINGARSTAÐIR FYRIR FERÐAFÓLK Í NÁMUNDA VIÐ LEIÐ STRÆTÓ .....	20
4.2.	AÐGENGI AÐ ÁHUGAVERÐUSTU ÁNINGARSTÖÐUM FYRIR FERÐAFÓLK Í NÁMUNDA VIÐ LEIÐ STRÆTÓ .....	23
4.3.	HVERSU VEL EÐA ILLA FELLUR ÞJÓNUSTA STRÆTÓ AÐ ÞÖRFUM ÞEIRRA SEM VILJA SKOÐA ÁHUGAVERÐA STAÐI Á LEIÐinni .....	24
4.4.	HVAÐA AFÞREYINGU Í NÁMUNDA VIÐ LEIÐ STRÆTÓ Í ÞÍNU NÁGRENNI TELUR ÞÚ VERA ÁHUGAVERÐASTA FYRIR FERÐAFÓLK? (T.D. SÖFN, SÝNINGAR, BÆJARHÁTÍÐIR, MENNINGARHÁTÍÐIR, ÍÞRÓTTAVIÐBURÐIR) .....	28
<b>5.</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR RÝNIHÓPA .....</b>	<b>30</b>
5.1.	RÝNIHÓPUR Í EYJAFIRÐI .....	30
5.2.	RÝNIHÓPUR Í HÚNAVATNSSÝSLUM .....	32
5.3.	RÝNIHÓPUR Í SKAGAFIRÐI .....	34
5.4.	RÝNIHÓPUR Í ÞINGEYJARSÝSLUM .....	35
5.5.	SAMANTEKT UM RÝNIHÓPA OG SAMANBURÐUR MILLI ÞEIRRA .....	37
<b>6.</b>	<b>SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA.....</b>	<b>39</b>
<b>7.</b>	<b>VIÐMÆLENDASKRÁ .....</b>	<b>41</b>
<b>8.</b>	<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>42</b>
<b>9.</b>	<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>43</b>
9.1.	OPIN SVÖR VIÐ SPURNINGU 7. „ER EITTHVAÐ ANNAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI ?“ .....	43



## MYNDIR

Mynd 1. Leið 57 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is. ....	14
Mynd 2. Leið 78 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is. ....	15
Mynd 3. Leið 56, og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is. <i>Sumaráætlun.</i> ....	16
Mynd 4. Leið 79 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef strætó.is. ....	17
Mynd 5. Hvernig er aðgengi að þeim stöðum sem valdir voru áhugaverðastir fyrir ferðafólk? ....	23
Mynd 6. Hversu vel eða illa telur þú að tímaáætlun Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? .....	24
Mynd 7. Hversu vel eða illa telur þú að tíðni ferða Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? .....	25
Mynd 8. Hversu vel eða illa telur þú að leiðin sem vagninn fer falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? .....	25
Mynd 9. Hversu vel eða illa telur þú að pöntunarþjónusta Strætó (þar sem það á við) falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? .....	26
Mynd 10. Hversu vel eða illa telur þú að núverandi stoppistaðir í leiðarkerfi Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? .....	26
Mynd 11. Hversu vel eða illa telur þú að kynning leiðarkerfis Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? .....	27



## TÖFLUR

Tafla 1. Tímatafla leiðar 57, Mjódd Reykjavík – Miðbær Akureyri. <i>Sumaráætlun</i> . ....	12
Tafla 2. Tímatafla leiðar 57, Miðbær Akureyri - Mjódd Reykjavík. <i>Sumaráætlun</i> . ....	13
Tafla 3. Tímatafla leiðar 78, Siglufjörður – Akureyri. <i>Sumaráætlun</i> . ....	15
Tafla 4. Tímatafla leiðar 78, Akureyri – Siglufjörður. <i>Sumaráætlun</i> . ....	16
Tafla 5. Tímatafla leiðar 56, Akureyri – Reykjahlíð. ....	16
Tafla 6. Tímatafla leiðar 79, Akureyri – Húsavík. <i>Sumaráætlun, mánudaga til föstudaga</i> . ....	17
Tafla 7. Tímatafla leiðar 79, Húsavík Akureyri. <i>Sumaráætlun, mánudaga til föstudaga</i> . ....	18
Tafla 8. Tímatafla leiðar 79, Akureyri – Húsavík. <i>Sumaráætlun, sunnu- og helgidaga</i> . ....	18
Tafla 9. Tímatafla leiðar 79, Húsavík Akureyri. <i>Sumaráætlun, sunnu- og helgidaga</i> . ....	18
Tafla 10. Tímatafla á leiðinni Akureyri – Grenivík. ....	19
Tafla 11. Helstu áningarstaðir sem nefndir voru í könnun .....	22
Tafla 12 Afþreyingarstaðir sem oftast voru nefndir í fyrsta sæti. ....	28
Tafla 13. Afþreyingarstaðir sem oftast voru nefndir í annað sæti. ....	28
Tafla 14. Afþreyingarstaðir sem oftast voru nefndir í þriðja sæti. ....	28

## 1. INNGANGUR

Þann 15. janúar 2013 var skrifað undir samning milli Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) og Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) um þarfa- greiningu áningarstaða Strætó bs. um Norðurland.

Verkefnið miðar að því að greina þarfir meðal hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og sveitar- félaga á starfssvæði Markaðsstofu Norðurlands (MN), þ.e. frá Hrutafirði að Langanesi. Reynt er að draga fram hvaða staðir á þessu svæði teljast áhugaverðustu áningarstaðirnir fyrir ferðamenn sem kjósa að ferðast með Strætó um Norðurland að sumarlagi.

Undirbúningur hófst í janúar og netkönnun fór fram í febrúar. Rýnihópaviðtöl og önnur viðtöl fóru fram í mars og apríl.

Greinilegt er að aksturstöflur miðast við þarfir íbúanna, einkum þeirra sem fara reglu- bundið milli staða enda er í gögnum Strætó talað um *áfangastaði*. Þarfir ferða- þjónustunnar geta verið nokkuð aðrar og þar velta menn hugsanlega meira fyrir sér tilteknum *áningarstöðum*, hvernig hægt sé að komast þangað, dvelja þar tiltekinn tíma og halda síðan til næsta *áningarstaðar* eða *áfangastaðar* þar sem e.t.v. er gíst. Þetta er rétt að hafa í huga, enda skýrir það ýmislegt þegar fjallað er um almenningsamgöngur frá sjónarhóli ferðaþjónustu í samanburði við þau kerfi sem Strætó vinnur eftir. Þetta kom glögg fram á fundum með rýnihópunum eins og nánar er fjallað um í 5. kafla.

Verkefnisstjórn var í höndum Hjalta Jóhannessonar en skýrsla þessi er að mestu unnin af Valtý Sigurbjarnarsyni, sérfræðingi hjá RHA. Bestu þakkir eru færðar þeim sem aðstoðuðu við gerð þessarar skýrslu s.s. með þátttöku í könnun og rýnihópaviðtölum.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Netkönnun var lögð fyrir alla ferðaþjónustuaðila sem eru á skrá á starfssvæði Markaðsstofu Norðurlands (MN) og aðra aðila í ferðaþjónustu á svæðinu sem eru á skrá hjá Ferðamálastofu. Einnig var hún send til sveitarfélaga á svæðinu; þ.e. á skrifstofur sveitarfélaga og ferðamálafulltrúa þar sem þeir eru starfandi. Spurningalisti var þróaður í samstarfi RMF og RHA en atriði sem spurt var um varða aðgengi að ferðamannastöðum, aðdráttarafli einstakra náttúrufrýrbæra, staða eða viðburða. Alls var sent út á 406 netföng aðila í ferðaþjónustu og sveitarfélaga á svæðinu. Nokkuð var um að netföng væru óvirk eða að viðkomandi væri ekki starfandi á því sviði sem könnunin tók til. Einnig var töluvert um að sent væri á fleiri en eitt netfang hjá sama aðila. Alls tóku 160 þátt í könnuninni eða 39,4%. Þetta hlutfall verður þó að skoða í ljósi þess hve netfangalistar voru ófullkomnir.

Markmiðið var að draga fram hvaða staðir á Norðurlandi teljast áhugaverðustu áningarstaðirnir fyrir ferðamenn sem kjósa að ferðast með Strætó um landshlutann að sumarlagi.

Þegar niðurstöður netkönnunarinnar lágu fyrir um vinsælustu áningarstaðina voru þær bornar undir fjóra rýnihópa, þ.e. í Húnavatnssýslum, Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

### 3. LEIÐIR, TÍMAÁÆTLUN OG FLEIRA

Almenningssamgöngurnar sem hér er fjallað um eru reknar af samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshlutum með umsömdu fjárframlagi frá Vegagerðinni. Strætó bs. er faglegur ráðgjafi og sinnir tiltekinni þjónustu, m.a. við gerð á tímatöflum og hönnun bæklinga og veitir aðgang að netsíðu sinni með ýmsar upplýsingar. Aksturinn var boðinn út og samið var við lægstbjóðanda til ákveðins tíma.

Fjórar akstursleiðir eru um Norðurland, þ.e. leiðir 56, 57, 78 og 79, auk þess sem hægt er að panta far til og frá Hvammstanga og Skagaströnd út frá leið 57, en þeir leggir hafa ekki sérstök leiðanúmer. Þá er pöntunarþjónusta á leið 79 austur frá Húsavík allt til Þórshafnar.

Tímatöflur frá fyrri hluta ársins (vetraráætlun) eru í flestum tilvikum ekki mikið breyttar í sumaráætlun sem tók gildi á landsbyggðinni 19. maí og stendur til 14. september, en þó er það nokkuð misjafnt eftir leiðum, eins og nánar er greint frá hér á eftir<sup>1</sup>. Þetta er sá tímarammi sem farþegar með Strætó milli Akureyrar og Reykjavíkur (leið 57) eru bundnir af. Það á einnig við um leiðirnar út og austur frá Akureyri, leið 78, Akureyri-Siglufjörður, leið 56, Akureyri-Egilsstaðir og leið 79, Akureyri-Þórshöfn. Spurning er síðan hversu langt út frá þessum akstursleiðum raunhæft er að ætla ferðamönnum að fara, en það afmarkar óneitanlega þá staði sem þeir geta skoðað miðað við það að nota almennings-samgöngur. Þetta þarf að hafa í huga þegar tilnefndir eru áningarstaðir.

#### 3.1. Leið 57, Reykjavík - Akureyri

Tafla 1. Tímatafla leiðar 57, Mjódd Reykjavík – Miðbær Akureyri. *Sumaráætlun.*

Mjódd Reykjavík - Akureyri			
09:00	Úr Mjódd	17:30	Úr Mjódd
11:42	Í Staðarskála	20:12	Í Staðarskála
11:57	Frá Staðarskála	20:27	Frá Staðarskála
12:19	Við Hvammstangaveg	20:49	Við Hvammstangaveg
13:00	Á Blönduósi	21:30	Á Blönduósi
13:41	Á Sauðárkróki	22:11	Á Sauðárkróki
14:03	Í Varmahlíð	22:33	Í Varmahlíð
15:16	Á Akureyri	23:46	Á Akureyri

<sup>1</sup> Ath. þó að vetraráætlun var í gildi meðan könnun og rýnihópaviðtöl fóru fram.

**Tafla 2. Tímatafla leiðar 57, Miðbær Akureyri - Mjódd Reykjavík. Sumaráætlun.**

Akureyri - Mjódd Reykjavík			
10:45	Frá Akureyri	16:00	Frá Akureyri
11:58	Í Varmahlíð	17:13	Í Varmahlíð
12:20	Á Sauðárkróki	17:35	Á Sauðárkróki
13:01	Á Blönduósi	18:16	Á Blönduósi
13:42	Við Hvammstangaveg	18:57	Við Hvammstangaveg
14:04	Í Staðarskála	19:19	Í Staðarskála
14:19	Frá Staðarskála	19:34	Frá Staðarskála
16:59	Í Mjódd	22:14	Í Mjódd

Helsti munurinn frá vetraráætlun er sá að farið er 15 mínútum fyrr frá Akureyri í fyrri ferðinni, þ.e. kl. 10:45 í stað 11:00 og 15 mínútum seinna í seinni ferðinni, þ.e. kl. 16:00 í stað 15:45.

Í töflum 1 og 2 kemur fram hvaða áningarstaðir eru á leið 57 milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þar sem þessi skýrsla er um almenningssamgöngur á Norðurlandi er hér eingöngu fjallað um áningarstaði þar og vestast er það Staðarskáli í Hrútafirði. Það er eini staðurinn á þessari leið þar sem stoppað er lengur en bara til að hleypa farþegum út eða inn. Ekki er þó staldrað lengi við, aðeins 15 mínútur.

Á Hvammstanga er pöntunarþjónusta. Stoppað er við afleggjarann þangað ef einhverjir farþegar eru að koma þaðan eða fara þangað. Hið sama á við um Skagaströnd. Annars liggur leiðin um Blönduós, yfir Þverárfjall á Sauðárkrók, þaðan í Varmahlíð og endað á Akureyri þegar komið er frá Reykjavík. Á hinn veginn er þetta þegar lagt er upp frá Akureyri, sbr. töflur 1 og 2.

Nánari grein er gerð fyrir áningarstöðum á þessari leið í 4. kafla þar sem raktar eru niðurstöður netkönnunar og í 5. kafla þar sem greint er frá umræðum í rýnihópum.



Mynd 1. Leið 57 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is.

### 3.2. Leið 78, Akureyri – Siglufjörður



Mynd 2. Leið 78 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is.

Á mynd 2 kemur fram hvaða áfangastaðir eru á leið 78 milli Siglufjarðar og Akureyrar. Í tímatöflum 3 og 4 eru merktir inn 7 til 9 staðir eftir því hvaðan er ekið og hvenær. Nánari grein er gerð fyrir áningarstöðum á þessari leið í 4. kafla þar sem raktar eru niðurstöður netkönnunar og í 5. kafla þar sem greint er frá umræðum í rýnihópum.

Tafla 3. Tímatafla leiðar 78, Siglufjörður – Akureyri. Sumaráætlun.

Siglufjörður - Akureyri					
Siglufjörður - Olís	06:40	09:30	17:46		14:02
Ólafsfjörður - Múlavegur	06:56	09:46	18:02		14:18
Dalvík	07:10	10:00	18:16		14:32
Litli Árskógssandur - vegamót	07:21	10:11	18:27		14:43
Skriðuland	07:33	10:23	18:39		14:55
* Akureyri - Hof	07:57	10:41	18:57		15:13

\* Mánudaga – föstudaga fer Strætó að HA, síðan að VMA og þaðan að MA áður en hann fer að Hofi.

Fremstu þrjú tímadálkarnir eiga við um akstur á mánudögum – föstudögum en aftasti dálkurinn á við um akstur á sunnu- og helgidögum. Eina breytingin frá vetraráætlun er sú að nú fer síðasta ferðin 20 mínútum seinna frá Siglufirði á virkum dögum, þ.e. 17:46 í stað 17:26. Viðkoma Strætó við Háskólann á Akureyri og við framhaldsskólana er til þess að nemendur komist í kennslu á réttum tíma á morgnana. Þegar farið er til baka verða farþegar að koma sér niður að Hofi, enda er þá væntanlega ekki sama tímaþröng og er á morgnana.

**Tafla 4. Tímatafla leiðar 78, Akureyri – Siglufjörður. Sumaráætlun.**

Akureyri - Siglufjörður						
Akureyri - Hof	08:06		16:30		19:42	15:40
Skriðuland	08:24		16:48		20:00	15:58
Litli Árskógssandur - vegamót	08:36		17:00		20:12	16:10
Dalvík	08:47		17:11		20:23	16:21
Ólafsfjörður - Múlavegur	09:01		17:25		20:37	16:35
Ólafsfjörður - Aðalgata	09:02		17:26		20:38	16:36
Siglufjörður - Olís	09:17		17:41		20:53	16:51

Fremstu þrjár tímadálkarnir eiga við um akstur á mánudögum – föstudögum en aftasti dálkurinn á við um akstur á sunnu- og helgidögum. Hér eru verulegar breytingar frá vetraráætlun. Miðferðin frá Akureyri á virkum dögum fer klukkutíma seinna en var samkvæmt vetraráætlun, þ.e. kl. 16:30 í stað 15:30 og síðasta ferðin 20 mínútum síðar, þ.e. kl. 19:42 í stað 19:22.

### 3.3. Leið 56, Akureyri – Reykjahlíð (Egilsstaðir)



**Mynd 3. Leið 56, og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is. Sumaráætlun.**

Hér er aðeins fjallað um áfangastaði á leiðinni Akureyri – Reykjahlíð.

**Tafla 5. Tímatafla leiðar 56, Akureyri – Reykjahlíð.**

Akureyri - Reykjahlíð			Reykjahlíð - Akureyri		
Akureyri - Hof	08:00	15:15	Reykjahlíð	11:10	14:15
Fnjóskárbrú	08:30	15:45	Skútustaðir	11:20	14:25
Fosshóll - Goðafoss	08:45	16:00	Laugar	11:40	14:45
Laugar	09:00	16:15	Fosshóll - Goðafoss	11:55	15:00
Skútustaðir	09:20	16:35	Fnjóskárbrú	12:10	15:15
Reykjahlíð	09:30	16:45	Akureyri - Hof	12:40	15:45



Sama tímatavla gildir alla daga. Á þessari leið hafa verið gerðar miklar breytingar frá vetraráætlun. Núna fer vagn frá Akureyri kl. 8:00 og 15:15 og er í Reykjahlíð kl. 9:30 og 16:45 (á Egilsstöðum kl. 11:30 og 18:45) í stað þess sem var samkvæmt vetraráætlun, þ.e. 11:25 og 15:30 frá Akureyri og í Reykjahlíð kl. 12:55 og 17:00 (á Egilsstöðum kl. 19:00, en fyrri ferðin náði aðeins í Reykjahlíð). Frá Egilsstöðum fer nú vagn kl. 09:10 og 12:15, er í Reykjahlíð kl. 11:10 og 14:15 og á Akureyri kl. 12:40 og 15:45. Samkvæmt vetraráætlun var aðeins ein ferð frá Egilsstöðum kl. 07:10, var í Reykjahlíð kl. 9:10 og á Akureyri kl. 10:40. Önnur ferð fór þá frá Reykjahlíð kl. 13:10 og kom til Akureyrar kl.14:40.

Nánari grein er gerð fyrir áningarstöðum á þessari leið í 4. kafla þar sem raktar eru niðurstöður netkönnunar og í 5. kafla þar sem greint er frá umræðum í rýnihópum.

### 3.4. Leið 79, Akureyri – Húsavík (Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn)



Mynd 4. Leið 79 og áfangastaðir sem merktir eru inn á kort á vef Strætó.is.

Punktalína er sýnd austan Húsavíkur vegna þess að þar er pöntunarþjónusta.

Tafla 6. Tímatavla leiðar 79, Akureyri – Húsavík. Sumaráætlun, mánudaga til föstudaga.

Akureyri - Húsavík				
Akureyri - Hof	08:27	12:36	18:12	21:00
Svalbarðseyri	08:40	12:49	18:25	21:13
Fnjóskárbrú	08:53	13:02	18:38	21:26
Norðausturvegur	09:06	13:15	18:51	21:39
Aðaldalsvegur	09:29	13:38	19:14	22:02
Húsavík	09:44	13:53	19:29	22:17

Farið er frá Húsavík kl. 09:59, komið í Ásbyrgi kl. 10:53, Kópasker kl. 11:20, Raufarhöfn kl. 11:54 og á Þórshöfn kl. 12:42.

**Tafla 7. Tímatafla leiðar 79, Húsavík Akureyri. Sumaráætlun, mánudaga til föstudaga.**

Húsavík - Akureyri							
Húsavík	06:30		14:08		16:25		19:37
Aðaldalsvegur	06:45		14:23		16:40		29:52
Norð austurvegur	07:08		14:46		17:03		20:15
Fnjóskárbrú	07:21		14:59		17:16		20:28
* Akureyri - Hof	07:57		15:25		17:42		20:54

\* Mánudaga – föstudaga fer Strætó að HA, síðan að VMA og þaðan að MA áður en hann fer að Hofi.

Farið er frá Þórshöfn kl. 13:27, komið á Raufarhöfn kl. 14:15, Kópasker kl. 14:49, Ásbyrgi kl. 15:16 og á Húsavík kl. 16:10.

**Tafla 8. Tímatafla leiðar 79, Akureyri – Húsavík. Sumaráætlun, sunnu- og helgidaga.**

Akureyri - Húsavík		
Akureyri - Hof	09:27	19:27
Svalbarðseyri	09:40	19:40
Fnjóskárbrú	09:53	19:53
Norð austurvegur	10:06	20:06
Aðaldalsvegur	10:29	20:29
Húsavík	10:44	20:44

**Tafla 9. Tímatafla leiðar 79, Húsavík Akureyri. Sumaráætlun, sunnu- og helgidaga.**

Húsavík - Akureyri		
Húsavík	07:40	17:25
Aðaldalsvegur	07:55	17:40
Norð austurvegur	08:18	18:03
Fnjóskárbrú	08:31	18:16
* Akureyri - Hof	08:57	18:42

Nánari grein er gerð fyrir áningarstöðum á þessari leið í 4. kafla þar sem raktar eru niðurstöður netkönnunar og í 5. kafla þar sem greint er frá umræðum í rýnihópum.

### **3.5. Akureyri – Grenivík – Akureyri**

Almenningssamgöngur voru í sumar (sumarið 2013) milli Akureyrar og Grenivíkur á tímabilinu 2. júní til 30. ágúst samkvæmt eftirfarandi tímatöflu alla daga nema laugardaga.

**Tafla 10. Tímatafla á leiðinni Akureyri – Grenivík.**

<b>Akureyri – Grenivík - Akureyri</b>			
Akureyri - Hof	10:00		16:20
Grenivík - Jónsabúð	10:45		17:05

Ákveðið var í vor að gera tilraun með þennan akstur og nota bílinn jafnframt til að tengja Akureyri við Hríseyjarferjuna og Grímseyjarferjuna.

## 4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR

Í þessum kafla er greint frá helstu niðurstöðum netkönnunar og hvaða áningarstaðir voru oftast nefndir. Stundum voru nefndir einstakir staðir innan bæja eða staða, svo sem á Akureyri og Mývatnssveit, en í öðrum tilvikum ekki, þ.e. eingöngu var svarað Akureyri eða Mývatnssveit, svo dæmi séu tekin.

### 4.1. *Áhugaverðustu áningarstaðir fyrir ferðafólk í námunda við leið Strætó*

Í töflu 10 eru tilgreindir helstu áningarstaðir sem nefndir voru í könnuninni. Fátt kemur verulega á óvart. Þekktar náttúruperlur eru oftast nefndar og síðan stærri þéttbýlisstaðir. Stundum er erfitt að meta við hvað er átt og hvort rétt er að telja viðkomandi stað innan þeirra marka sem hér eru sett, þ.e. 30 mínútna göngufjarlægðar, (um 2,5 km). Vandinn við skilgreiningu er samt miklu flóknari en þetta. Þegar t.d. er svarað „Mývatnssveit“ við hvað er þá átt? Augljóst er að sumir staðir þar eru innan tilgreindrar vegalengdar frá akstursleið Strætó, en aðrir ekki. Sum svörin eru þannig að ógerlegt er að meta hvort sá/sú sem svarar er með í huga áningarstað sem telja má við strætóleið, nema þegar tilteknir staðir innan Mývatnssveitar eru nefndir. Vissulega liggur leið Strætó um sveitina en augljóst er þeim sem til þekkja að þar eru margir eftirsóknarverðir staðir, bæði utan og innan strætóleiðar.

Hið sama má segja um Akureyri. Hvar eru mörkin þegar meta á hvort staður er við strætóleið eða ekki? Eins og í Mývatnssveit er stundum alls ekki hægt að vera viss um við hvað er átt ef svarið er bara „Akureyri“. Í fáeinum tilvikum voru nefndir staðir, t.d. Hlíðarfjall eða Kjarnaskógur sem ekki geta talist við strætóleið, en þegar ekkert sérstakt var nefnt var tekinn sá kostur að átt væri við áningarstað sem komast mætti til með því að nota almenningsamgöngur.

Einnig má velta fyrir sér hvort staðir sem búa við pöntunarþjónustu séu við strætóleið. Hér er sá kostur tekinn að telja svo vera, þar sem farþegar geta komist með almenningsamgöngum til Hvammstanga og Skagastrandar, svo dæmi séu tekin.

Hið sama má segja um Hrísey og Grímsey. Ferjurnar þangað eru reknar sem almenningsamgöngur og því má telja eyjarnar tengjast strætóleið. Þetta átti reyndar tæplega við um Hrísey fyrr en vagninn sem fer milli Akureyrar og Grenivíkur fór að keyra milli Akureyrar og Árskógsstrandar. Hann tengist nú einnig ferðum Grímseyjarferjunnar á Dalvík.

Augljóst er að sumir nefndir áningarstaðir eru utan strætóleiðar. Það á t.d. við um þá áningarstaði utan leiðar sem oftast eru nefndir, Dettifoss og Hofsó. Annað er óljósara. Það á t.d. við um svör eins og „Svarfaðardalur“, „Tröllaskaginn“. Svarfaðardalur er utan strætóleiðar, nema það sem er allra næst Dalvík. Tröllaskaginn getur hins vegar átt við svo margt. Hann er hægt að nálgast víða frá akstursleið Strætó, allt frá Öxnadalshéiði eða jafnvel Akureyri til Siglufjarðar. Svárið gefur samt ekki neinar vísbendingar og þess vegna er svárið flokkað utan leiðar.

Athygli vekur hve fáir staðir eru nefndir sem ekki eru í núverandi tímatöflum, þ.e. staðir sem eru við strætóleið. Á leiðinni Akureyri – Reykjavík er það aðeins Glaumbær í Skagafirði. Þar er að sjálfsgöðu hægt að fá vagninn til að stoppa til að fá að fara úr honum eða í hann og e.t.v. ætti að setja þar upp staur með merki Strætó og tímatöflu, eins og er t.d. á Sauðárkróki og Varmahlíð.

Nokkrir staðir á þessari leið hafa tiltekna sérstöðu þar sem heimamenn standa fyrir tiltekinni þjónustu, þ.e. reglubundnum akstri sem tengist akstursleið Strætó. Þannig geta farþegar gegnum pöntunarþjónustu komist til Hvammstanga og farið síðan í ferð um Vatnsnes. Þar komast þeir í selaskoðun og stoppað er við Hvítserk, Borgarvirki og Kolugil, svo dæmi séu tekin af stöðum sem ferðamenn heimsækja oft. Þess vegna eru þessir staðir taldir við strætóleið á sumrin þó að strætisvagninn aki þar ekki um. Þjónustan er engu að síður fyrir hendi og menn komast á þessa staði án þess að vera á eigin bíl.

Tafla 11. Helstu áningarstaðir sem nefndir voru í könnun


Staðir við strætóleið	Tilvik í könnun *	Við strætóleið	Er í núverandi tímatöflu	^>30 mín ganga **	Strætóleið nr.	Aths.
Mývatnssveit	79	x	x	x	56	Flestir nefndir staðir innan 30 mín. göngu
Fosshóll-Goðafoss	27	x	x		56	
Ásbyrgi	25	x	x		79	
Akureyri	24	x	x		56, 57, 78, 79	Nefndir voru staðir utan strætóleiðar, t.d. flugvöllur
Dalvík	24	x	x		78	
Siglufjörður	20	x	x		78	
Húsavík	18	x	x	x	79	
Raufarhöfn	16	x	x		79	
Hrísey	15	x		x	78	Ferja á Árskógssandi
Hvammstangi	13	x	x		57	Hvammstangavegur, pöntunarþjónusta
Glaumbær	9	x		x	57	
Sauðárkrúkur	8	x	x	x	57	
Ólafsfjörður	8	x	x	x	78	
Grímsey	7	x		x	78	Ferja við höfnina á Dalvík
Tjörnnes	7	x		x	79	Ýmsir staðir nefndir
Vatnsnes - selaskoðun	6	x			57	Tenging v/Strætó á sumrin
Varmahlíð	5	x	x	x	57	
Blönduós	5	x	x	x	57	
Svalbarðsströnd	4	x		x	56, 79	Nokkrir staðir nefndir
Skagaströnd	4	x				Pöntunarþjónusta
Kolugil	3	x				Tenging v/Strætó á sumrin
Hvítserkur	3	x				Tenging v/Strætó á sumrin
Víðigerði - Víðidalur	3	x			57	
Laugar í Reykjadal	3	x	x	x	56	
Dettifoss	20				56	
Hofsós	12					
Hólar í Hjaltadal	8					
Eyjafjarðarsveit	7					Jólahús, Grund, Hrafnagil o.fl.
Svarfaðardalur	6				78	Sumir staðir ≤ 30 mín ganga
Tröllaskaginn	6					Óljóst, ýmsir staðir nefndir!
Vaglaskógur	5				56, 79	Fnjóskárbrú > 30 mín.
Þingeyrar	4				57	Um 6 km frá Þjóðvegi
Hlíðarfjall	4				56, 57, 78, 79	Skíðarúta um helgar
Hljóðaklettur	4				79	
Langanes	4				79	Nokkrir staðir nefndir
Rauðanes í Þistilfirði	4				79	
Grenivík - Laufás	4	x				
Grettislaug - Drangey	3				57	Rúmlega. 14 km frá Þjóðvegi

\* Staðir sem þrír eða fleiri nefndu í könnun.

\*\* Staðir sem eru innan ca. 2,5 km fjarlægðar frá núverandi akstursleið Strætó.

#### 4.2. Aðgengi að áhugaverðustu áningarstöðum fyrir ferðafólk í námunda við leið Strætó


Svörin við spurningunni um aðgengi að þeim áningarstöðum sem svarendur nefndu voru sum hver þannig að ógerlegt var að setja þau í tiltekinn flokk. Einnig kom fram í svörum við spurningunni um hvort menn vildu koma einhverju öðru á framfæri að skilningur svarenda hefur verið eitthvað misjafn á því við hvað væri átt með aðgengi. Engu að síður er niðurstaðan svipuð úr öllum héruðum og meirihluti þeirra sem svörðu telja aðgengi gott. Það sem sker sig úr er að hlutfall þeirra sem telja aðgengi slæmt er nokkru hæst í Skagafirði. Ekkert er hægt að fullyrða um ástæðuna en hún gæti verið sú að Strætó tengir staði innan fjarðarins að takmörkuðu leyti, þar sem t.d. vantar alveg tengingu við Hóla og Hofsós. Út frá þeirri staðreynd er ekki ósennilegt að tæpur þriðjungur svarenda hafi metið aðgengið slæmt, sbr. mynd 5.



Mynd 5. Hvernig er aðgengi að þeim stöðum sem valdir voru áhugaverðastir fyrir ferðafólk?

### 4.3. Hversu vel eða illa fellur þjónusta Strætó að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði á leiðinni


Í þessum kafla er samantekt á því hvernig svörum var háttað við spurningum um tímaáætlun Strætó, tíðni ferða, leiðina sem vagnarnir fara, pöntunarþjónustu, stoppistöðvar í leiðakerfi og kynningu á leiðakerfinu.



Mynd 6. Hversu vel eða illa telur þú að tímaáætlun Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni?


Hér vekur athygli hve lágt hlutfall þeirra sem svara í Þingeyjarsýslum telja tímaáætlun Strætó falla vel að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði. Einungis 26% telja tímaáætlunina falla vel að þörfum ferðamanna. Ekki er ljóst af hverju þessi munur stafar. Ferðatíðni er þó meiri en í Húnavatnssýslum og Skagafirði þar sem um eða yfir helmingur svarenda telja tímatöfluna falla vel að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði þar. Þess ber að geta að vetraráætlun var í gildi þegar spurt var og sem dæmi má nefna að tímaáætlunin gaf t.d. ekki færi á dvöl í Mývatnssveit milli ferða til að skoða sig um innan dagsins og þetta gæti hafa haft áhrif á það hvernig einhverjir svarenda brugðust við.






**Mynd 7. Hversu vel eða illa telur þú að tíðni ferða Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni?**

Hér er það sama uppi á teningnum og með tímaáætlunina. Húnavetningar eru áberandi ánægðastir með tíðni ferða og næst Skagfirðingar. Óánægja Eyfirðinga er mest þó að tíðni ferða þar sé meiri en á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ekki liggur fyrir hverjar ástæðurnar eru. Til að komast að því þyrfti ítarlegri könnun.




**Mynd 8. Hversu vel eða illa telur þú að leiðin sem vagninn fer falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni?**

Hér blasir við allt önnur mynd en á hinum tveimur fyrri. Hér skera svör Húnavetninga sig úr. Áberandi minnst ánægja er þar með leiðina sem vagninn fer og mjög hátt hlutfall, 59%, hefur ekki sterka skoðun í svari sínu. Er þó ekki hægt að ímynda sér hvaða aðra leið ætti að fara. Hugsanlega stafar þetta af því að margir áhugaverðir staðir eru ekki við þjóðveg eitt og þess vegna ekki á leið Strætó. Óánægju Skagfirðinga má hugsanlega rekja til þess að Strætó ekur ekki í Hóla og Hofsó, sbr. umfjöllun um rýnihópa í 5. kafla.




**Mynd 9. Hversu vel eða illa telur þú að pöntunarþjónusta Strætó (þar sem það á við) falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni?**

Þarna er Skagafjörður sér á parti. Miðað við umræður í rýnihópnum þar má álykta að það stafi af því að slíkur möguleiki er ekki fyrir hendi varðandi Hóla og Hofsós, sem þó er talin veruleg þörf fyrir. Í rýnihópnum í Húnavatnssýslum kom hins vegar fram ánægja með pöntunarþjónustuna til Hvammstanga og Skagastrandar, þó vissulega væri einnig ýmislegt nefnt sem betur mætti fara, sbr. umfjöllun í 5. kafla.



**Mynd 10. Hversu vel eða illa telur þú að núverandi stoppistaðir í leiðarkerfi Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni?**

Áberandi mest ánægja er með núverandi stoppistöðvar í Skagafirði, en þær eru reyndar bara tvær, á Sauðárkróki og í Varmahlíð. Í Þingeyjarsýslum er myndin allt önnur, þrátt fyrir mun fleiri stoppistöðvar. Vandséð er af hverju þetta stafar og nánari könnun þyrfti til að komast að því.



**Mynd 11. Hversu vel eða illa telur þú að kynning leiðarkerfis Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni?**

Miðað við ofangreinda niðurstöðu hefur ekki tekist vel til með kynningu á leiðakerfinu þar sem 41% svarenda telja kynningu leiðarkerfisins falla illa að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði. Þetta er umtalsvert verri útkoma en í nokkru hinna svaranna. Hlutfall þeirra sem svara „hvorki vel né illa“ er áþekkt svörum við öðrum spurningum þegar Norðurland er takið sem heild, en hlutfall þeirra jákvæðu er umtalsvert lægra. Þetta er sterk ábending um að verulega þurfi að bæta kynningarstarfsemi.

**4.4. Hvaða afþreyingu í námunda við leið Strætó í þínu nágrenni telur þú vera áhugaverðasta fyrir ferðafólk? (t.d. söfn, sýningar, bæjarhátíðir, menningarhátíðir, íþróttaviðburðir)**

Við þessari spurningu mátti hver svarandi nefna að hámarki fimm atriði og ætlast var til að þeim væri forgangsraðað eftir mikilvægi. 108 svöruðu og alls voru nefnd 51 dæmi um afþreyingu. Í töflu 12. má sjá þá staði eða viðburði sem nefndir voru þrisvar sinnum eða oftar í fyrsta sæti.

**Tafla 12 Afþreyingarstaðir sem oftast voru nefndir í fyrsta sæti.**

Fiskidagurinn mikli á Dalvík	9
Selasetrið á Hvammstanga	7
Byggðasafnið Glaumbæ í Skagafirði	6
Síldarminjasafnið á Siglufirði	5
Jarðböðin í Mývatnssveit	4
Mærudagar á Húsavík	4
Byggðasafnið á Snartarstöðum við Kópasker	3
Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	3
Síldarævintýrið á Siglufirði	3

Tillögur um annað sæti komu frá 92 og alls voru nefnd 67 dæmi um afþreyingu. Í töflu 13. má sjá þá staði eða viðburði sem nefndir voru þrisvar sinnum eða oftar í annað sæti.

**Tafla 13. Afþreyingarstaðir sem oftast voru nefndir í annað sæti.**

Fiskidagurinn mikli á Dalvík	4
Hvalasafnið á Húsavík	4
Skjálftasetrið á Kópaskeri	4
Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit	3
Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	3

Tillögur um þriðja sæti komu frá 81 og alls voru nefnd 59 dæmi um afþreyingu. Í töflu 14. má sjá þá staði eða viðburði sem nefndir voru þrisvar sinnum eða oftar í þriðja sæti.

**Tafla 14. Afþreyingarstaðir sem oftast voru nefndir í þriðja sæti.**

Fiskidagurinn mikli á Dalvík	5
Mærudagar á Húsavík	4
Safnahúsið á Húsavík	4
Þjóðlagahátíðin á Siglufirði	3
Þjóðlagasetrið á Siglufirði	3

Alls voru tilnefnd 27 dæmi um afþreyingu í fjórða sæti og 24 í það fimmta en engir staðir eða viðburðir voru tilnefndir þrisvar sinnum eða oftár í þessi sæti.

Eins og framangreindar tölur bera með sér þá er Fiskidagurinn mikli hástökkvarinn sem afþreyingarkostur og tilgreindur 18 sinnum í fyrsta til þriðja sæti, enda mjög fjölsótt samkoma. Önnur bæjarhátíð sem nokkuð oft var nefnd er Mærudagar á Húsavík, átta sinnum í fyrsta til þriðja sæti.

Söfnin koma sterkt inn sem afþreying og það kemur ekki á óvart nema e.t.v. safnið á Snartarstöðum þar sem það hefur ekki verið mikið til umræðu og er utan fjölförnustu leiða. Jarðböðin í Mývatnssveit eru nokkuð sér á parti varðandi náttúrutengda afþreyingu, enda á stað þar sem geysilegur fjöldi ferðamanna fer um. Hvalaskoðun var reyndar oft nefnd, en dreifðist þannig á milli staða að enginn einn aðili komst á blað með þrjár tilnefningar eða fleiri í eitthvert af sætunum fimm, sbr. framansagt.

Siglufjörður kemur sterklega inn sem staður, enda hefur mikið og markvisst verið unnið þar að uppbyggingu safna og viðburða sem gott orð fer af. Hið sama má segja um Hvammstanga (og fleiri staði), en Selasetrið dregur greinilega að gesti. Þá má telja til fyrirmyndar hvernig heimamenn hafa boðið upp á ferðir um Vatnsnes og Víðidal með möguleika á tengingu við Strætó.

Nokkuð kom á óvart hve margir möguleikar voru nefndir um afþreyingu og hvað dreifingin var mikil. Fyrir vikið voru tilnefningar með lægra tölugildi en búast hefði mátt við meðal vinsælustu staðanna.

Í heildina talið verður ekki annað séð en mikil og fjölpætt afþreying sé í boði á því svæði sem hér er til skoðunar, þ.e. frá Hrútafirði austur í Langanesbyggð.

## 5. HELSTU NIÐURSTÖÐUR RÝNIHÓPA

Haldnir voru fundir með fjórum rýnihópum. Á Akureyri 20. mars, á Blönduósi og Sauðárkróki 9. apríl og á Húsavík 18. apríl. Tveir rannsakendur voru viðstaddir hvern rýnihópafund þar sem annar stjórnaði umræðum en hinn tók niður minnispunkta. Samtölin voru hljóðrituð og stóðu í um 45-70 mínútur. Í upphafi fundar var rannsóknin kynnt og farið yfir helstu niðurstöður úr netkönnuninni fyrir viðkomandi hérað. Eftirfarandi sátu fundina í rýnihópunum, auk skýrsluhöfunda.

**Akureyri:** Geir Gíslason, Juliane Brigitte Kauertz, María Helena Tryggvadóttir, Sigríður María Róbertsdóttir og Þórhildur Gísladóttir.

**Blönduósi:** Björn Þór Kristjánsson, Dagný Marín Sigmarsdóttir, Jóhann Albertsson, Katharina A. Schneider, Lárus B. Jónsson og Vignir Skúlason.

**Sauðárkróki:** Inga Bryndís Ingvarsdóttir, Pétur H. Stefánsson, Sigurður Friðriksson, Svanhildur Pálsdóttir, Valgeir Þorvaldsson, Valgerður Björg Stefánsdóttir, Viggó Jónsson og Þórólfur Sigurjónsson.

**Húsavík:** Einar Gíslason, Gunnar Jóhannesson, Pétur Snæbjörnsson, Reinhard Reynisson og Unnsteinn Ingason.

### 5.1. Rýnihópur í Eyjafirði

Í umræðum á fundinum komu fram spurningar um aðgengi að einstökum stöðum og hverja þeirra mætti telja við strætóleið og hverja ekki. Eins og fram kom í 4. kafla var farin sú leið að skipta Akureyri í tvennt, annars vegar eru staðir sem telja má innan þéttbýlisins og hins vegar staðir utan þess, t.d. flugvöllurinn á Akureyri, tjaldstæðið á Hömrum og Kjarnaskógur. Einnig Hlíðarfjall, en þangað gengur Strætó ekki, þó boðið sé upp á sérstakar ferðir um helgar.

Í þessu samhengi var minnst á Hrísey og tengingu við Hríseyjarferjuna. Strætó gekk á þessum tíma ekki niður á Áskógssand frá Þjóðvegi 82 og það var ákveðinn þröskuldur sem mikið var kvartað yfir. Ferjan er rekin sem almenningssamgöngur með styrk frá ríkinu, eins og Strætó, en kerfin náðu ekki saman. Hvað þetta snertir er tengingin betri við Grímseyjarferjuna þar sem stutt er fá stoppistöð Strætó á Dalvík í hana. Geta ber þess hér, eins og reyndar hefur komið fram, að úr þessu hefur verið bætt í sumaráætlun 2013, en það var ekki vitað þegar fundurinn með rýnihópnum fór fram.

Umræða spannst um það hvort hægt væri að fá Strætó til að stoppa hvar sem væri til að fara úr honum eða upp í hann. Það er fyrir hendi innan ákveðinna marka. Hægt er að fara úr og í vagnana á þjóðveginum en innan þéttbýlisstaða þar sem eru ákveðnar stoppistöðvar er ætlast til að þeir séu notaðir. Greinilegt var að viðmælendur vissu þetta ekki.

Fundarmenn voru sammála um að mikilvægara væri að lagfæra og skilgreina betur ákveðna þætti í þjónustunni fremur en að tilgreina fleiri áningarstaði, enda væri mikilvægt að halda tímaáætlun og ef stoppistöðvum yrði fjölgað til muna gæti að raskast. Spurningar komu upp um það hvaða búnað mætti taka með sér og dæmi nefnd um að erfitt væri að fá svör við því, t.d. varðandi reiðhjól, skíði eða annan búnað til lengri gönguferða.

Rætt var um fjölda ferða og hvað farþegar gætu gert á milli þeirra. Dæmi var tekið um að Engimýri í Öxnadal gæti verið spennandi áningarstaður. Hægt væri að ganga upp að Hraunsvatni milli ferða, koma við á Hrauni og nýta sér þjónustu þar eða í Engimýri. Hliðstæð umræða varð um Héðinsfjörð. Þar mætti vera stoppistöð, enda væri hægt að fara ýmsar gönguleiðir innan fjarðarins, eða milli Héðinsfjarðar og Siglufjarðar, milli ferða með Strætó á einum og sama deginum. Fram kom að ferðapjónustuaðilar á Siglufirði biðu upp á bátsferðir, bæði út á Siglunes og í Héðinsfjörð og það gætu ferðamenn nýtt sér jafnhliða því að nota Strætó.

Kvartað hefur verið yfir því að Strætó gangi ekki til Grenivíkur. Spurt var um tengingu þangað, t.d. sem pöntunarþjónustu með möguleika á að stoppa tiltekinn tíma þar og/eða í Laufási, en um slíkt hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir. Þess ber að geta að í sumar (2013) eru ferðir tvisvar á dag milli Akureyrar og Grenivíkur, eins og fram er komið, en það var ekki vitað þegar rætt var við rýnihópinn.

Mývatnssveit var í könnun oftast nefnd sem áningarstaður en eins og samgöngur Strætó eru þangað gefst farþegum ekki færi á að fara á milli Akureyrar og Mývatnssveitar og njóta dvalar í sveitinni í töluverðan tíma á einum degi. Það er vegna þess að þó að Strætó fari tvisvar á dag um sveitina, þá er aksturinn skipulagður milli Akureyrar og Egilsstaða og fyrir vikið er nánast enginn tími milli ferða í Mývatnssveitinni. Úr þessu var aðeins bætt í sumaráætluninni þar sem nú er möguleiki á að vera þrjár klukkustundir milli ferða í Mývatnssveit, en það var heldur ekki vitað þegar fundurinn með rýnihópnum var haldinn.

Að lokum var mikil umræða um upplýsingamál og þörfina á að gera betur í þeim efnum. Upplýsingasíða Strætó á netinu fékk falleinkunn, m.a. vegna þess að upplýsingar á ensku skortir verulega og óhægt er um vik að átta sig á leiðakerfinu. Meðal annars var spurt hvort Íslandskort gæti verið fyrsta mynd og síðan væri hægt að velja landshluta eða einstaka leið

með auðveldum hætti? Þetta kemur alveg heim og saman við niðurstöðuna úr netkönnunni varðandi kynningarmálin. Þá kom m.a. fram að ótækt væri að einungis væri hægt að kaupa miða í Strætó í Olís við Tryggvabraut á Akureyri<sup>2</sup> en ekki í menningarhúsinu Hofi. Fleiri atriði voru nefnd um að bæta þyrfti tengsl og upplýsingastreymi milli Strætó og Eyþings annars vegar og rekstraraðila í Hofi hins vegar, t.d. á upplýsingamiðstöð. Brýnt væri að samræma upplýsingar t.d. útbúa blað sem hægt væri að afhenda farþegum sem væru að spyrja ýmissa spurninga um leiðir út frá Akureyri og hvað þær kostuðu. Aldrei hefði verið boðað til fundar hjá viðkomandi samtökum sveitarfélaga með aðilum í ferðapjónustu, t.d. á upplýsingamiðstöðinni í Hofi til að bera saman bækur og ræða hvað betur mætti fara.

Niðurstaðan var sú að núna væri mikilvægara að lagfæra ýmis hagnýt atriði sem snúa að farþegum Strætó, fremur en að fjölga áningarstöðum. Það mætti skoða betur að fenginni meiri reynslu.

## **5.2. Rýnihópur í Húnavatnssýslum**

Upplýst var að síðasta sumar hefðu verið áætlunarferðir út frá Þjóðvegi 1 fyrir Vatnsnes og þannig yrði það einnig á komandi sumri en þetta virtist ekki mikið kynnt. Svona ferðatilboð breytir því í raun og veru hvaða staði má telja við strætóleið. Með þessu opnast möguleiki fyrir ferðamenn, t.d. að fara í selaskoðun, koma að Hvítserk, Borgarvirki og sjá Kólugljúfur. Þessa hringleið geta ferðamenn farið milli ferða hjá Strætó, að því tilskyldu að tímasetningar verði samræmdar, en einnig er sá möguleiki auðvitað til staðar fyrir ferðamenn að dvelja lengur á svæðinu. Inn í þessa umræðu kom að það væri mjög jákvætt og skipti afar miklu máli að hafa tvær ferðir á dag hjá Strætó, eins og nú er á leið 57, Akureyri - Reykjavík og að það opnaði fyrir ýmsa möguleika.

Einn viðmælenda gat um mikilvægi þess að ferðaskrifstofur gætu í framtíðinni keypt ýmsar „pakkaferðir“ sem tengdust Strætó, en á móti kemur að þessar almenningssamgöngur eru fyrst og fremst hugsaðar sem möguleiki til að komast milli staða samkvæmt tiltekinni áætlun sem nauðsynlegt er að standist mjög vel í öllum tímasetningum.

Almennt séð er ánægja með Strætó og t.d. var nefnt dæmi um námsfólk frá Skagaströnd og Blönduósi sem nú gæti með hagkvæmum hætti sótt skóla til Akureyrar. Einnig var nefnt að eldra fólk sem óvant væri að keyra í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu ætti þarna góðan kost.

---

<sup>2</sup> Nú mun einnig hægt að kaupa miða á N1 bensínstöðvum.



Ýmislegt er þó talið þurfa að bæta og nefnd voru nokkur dæmi um það. Eitt var að þegar ófært varð veturinn 2012-2013, bæði um Þverárfjall og Vatnsskarð þurftu bílstjóri og farþegar að gista á Blönduósi. Gisting var pöntuð fyrir bílstjóran, en fátt varð um svör hvort farþegarnir þyrftu að bjarga sér á eigin spýtur eða hvernig málum yrði háttað. Loks kom þó í ljós að Strætó borgaði bæði fyrir bílstjóran og farþegana, en svona atriði þurfa auðvitað að liggja fyrir og vera bílstjórunum kunn. Annað dæmi tengist vankunnáttu bílstjóra í ensku. Erlendur farþegi á leið norður lenti í því að Holtavörðuheidi var ófær. Bílstjórinn tilkynnti farþegum að ekki yrði farið lengra þegar komið var á Akranes og vagninn færi til baka til Reykjavíkur. Erlendi farþeginn skyldi ekki hvað var á seiði og þar sem nokkrir farþegar fóru út gerði hann slíkt hið sama. Þessi farþegi vissi varla hvar hann var staddur og leitaði upplýsinga í nálægri verslun. Þar var hann upplýstur um það hvernig staða mála væri en þá var vagninn farinn til Reykjavíkur. Farþeginn hefði þegið að komast með honum aftur til baka á gistiheimili þar sem hann hafði verið en vegna þess að bílstjórinn skyldi lítið í ensku þá fór sem fór.

Annað sem kvartað var yfir, líkt og í rýnihópi í Eyjafirðinum, er netsíða Strætó. Hún þykir óaðgengileg svo ekki sé nú talað um ósköpin ef viðkomandi skilur ekki íslensku. Þarna kom enn og aftur að því að Strætó er fyrst og fremst hugsaður fyrir fólk sem þarf reglulega milli staða, rétt eins og Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sýnir þörfina á að ræða betur þátt og hlutverk almenningssamgangna í ferðaþjónustu. Einnig var kvartað yfir því að óljóst væri hve mikinn farangur mætti hafa með sér. Hvað t.d. með reiðhjól?<sup>3</sup> Ennfremur söknuðu sumir þess að geta ekki fengið pakka með Strætó, eins og boðið var með rútunum, að sjálfsögðu gegn gjaldi.

Þá kom fram að þar sem pöntunarþjónusta er, t.d. á Skagaströnd, hefði verið gerð breyting sem ekki væri til batnaðar. Áður hefði nægt að einn hringdi og segði að t.d. fimm farþegar óskuðu eftir Strætó. Núna væri það þannig að hver og einn þyrfti að senda sms eða hringja og það væri svolítið sérstakt þegar t.d. allir væru úr sömu fjölskyldunni.

Eftir þetta urðu almennar umræður um ferðamál í héraðinu og hvernig hægt væri að auka afþreyingu á svæðinu og efla samstarf við Strætó.

Annars voru viðmælendur á fundinum á því að mestu skipti að vagnarnir héldu áætlan og að það væri þýðingarmeira atriði heldur en að fjölga áningarstöðum. Heimamenn gætu unnið í því að búa til fleiri leiðir til að tengjast Strætó, sbr. Vatnsneshringinn og útvíkka þannig möguleika ferðamanna á að nota þær almenningssamgöngur sem í boði eru.

---

<sup>3</sup> Þetta breyttist um sumarið og vagnarnir voru þá búnir reiðhjólgrindum.

### 5.3. Rýnihópur í Skagafirði

Fundarmenn töldu þjónustu Strætó almennt góða, svo langt sem hún nær. Tímasetningar stæðust yfirleitt prýðilega og vafalaust fælust ýmis tækifæri í því að nýta almenningssamgöngur fyrir ferðapjónustu. Fram kom þó að sumt hefði verið betra meðan rútur óku samkvæmt sérleyfi milli Akureyrar og Reykjavíkur. Nefndu fundarmenn þar t.d. að nú væri ekki möguleiki á vörusendingum eins og áður hefði verið, svo sem að fá nýbökuð brauð frá Akureyri í Varmahlíð. Einnig væri meiri takmörkunum háð hvað farþegar gætu tekið með sér af farangri, t.d. reiðhjól. Það sjónarmið koma þó einnig fram að vörusendingar ætti að leysa eftir öðrum leiðum, enda ætti Strætó að vera eins og lest, standast vel áætlum og stoppa eingöngu á tilteknum stöðum til að hleypa farþegum inn og út.

Spurt var um aukna þjónustu, þ.e. að hefja ferðir með Strætó til Hóla og Hofsós, eða jafnvel alla leið til Siglufjarðar sem þá gæti tengst ferðum milli Siglufjarðar og Akureyrar. Fram kom að mikið væri spurt um hvernig komast mætti milli Varmahlíðar eða Sauðárkróks annars vegar og Hóla og/eða Hofsós hins vegar, en sárlega vantaði tengingu milli þessara staða. Töluvert er um gesti frá Vesturheimi sem vilja koma á Hofsós en þeir lenda í vandræðum við skipulagningu ferðarinnar ef þeir eru ekki sjálfir akandi. Annað hliðstætt dæmi er að á 2013 er ráðstefna á Hólum. Mikið sé spurt um hvernig komast megi þangað frá Reykjavík. Þarna sé ákveðinn flöskuháls þar sem engin rúta er á leiðinni Sauðárkrókur – Siglufjörður eftir að Héðinsfjarðargöng voru opnuð, enda fara flugfarþegar núna frá Siglufirði til Akureyrar en ekki á Sauðárkrók.

Rætt var um hringleið um Tröllaskaga og hvort hægt væri að reka hana með svipuðum hætti og rútuferðir áður og leysa þannig ýmis mál t.d. pakkasendingar. Þessi akstur þyrfti ekki að vera á vegum Strætó heldur ætti hann frekar að vera á vegum annarra, sbr. það sem fram hefur komið um akstur um Vatnsnes á vegum einkaaðila. Hins vegar mætti hugsa sér fastar ferðir með Strætó til Hóla og Hofsós, a.m.k. yfir sumarið og þetta tvennt gæti jafnvel styrkt hvort annað. Betra en ekkert væri að bjóða upp á pöntunarpjónustu til þessara staða eins og gert væri með Hvammstanga og Skagaströnd.

Nokkur umræða varð um hvað heimamenn gætu gert til að nýta almenningssamgöngur betur og fram kom að aðilar í ferðapjónustu sækja oft ferðamenn í Varmahlíð og koma þeim þangað aftur þegar þeir koma til að njóta afþreyingar og gista í Skagafirði. Hugsanlega mætti auka slíka þjónustu t.d. í tengslum við skíðasvæðið í Tindastóli þar sem Strætó ekur um Þverárfjall.

Fundarmenn veltu því fyrir sér hvort Mjóddin í Reykjavík væri heppilegasta endastöðin fyrir Strætó og inn í þá umræðu spunnust hugleiðingar um tengingu við flug og BSÍ. Þetta tengdist fyrri umræðu á fundinum um skipulag erlendra ferðamanna eða ráðstefnugesta og að þetta þyrfti að hugleiða betur til að auðvelda notkun á almenningssamgöngum.

Að síðustu var rætt um Sauðárkrók og Varmahlíð og tengingar við þessa staði. Fyrir liggur að miklu fleiri ferðamenn fara um Varmahlíð en Sauðárkrók og að ekki séu allir ánægðir með að lengja leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur með því að fara um Þverárfjall, frá því sem áður var á fyrri sérleyfisleið með rútum. Á hinn bóginn er ljóst að Sauðárkrókur er þjónustumiðstöð héraðsins og þangað liggur leið margra. Þarfirnar eru því ekki að öllu leyti þær sömu fyrir ferðamenn annars vegar og íbúa svæðisins hins vegar, t.d. námsmenn og eldra fólk sem vill nýta sér almenningssamgöngur.

#### **5.4. Rýnihópur í Þingeyjarsýslum**

Fram kom að mönnum þætti fengur að Strætó, en þó þyrfti margt að þróa betur. T.d. skorti tilfinnanlega tengingu við flugvöllinn á Akureyri og reyndar einnig við Aðaldalsflugvöll og í framtíðinni væri mikilvægt að hafa áætlun á þjóðvegi 87 (Kísilvegi) og þjóðvegi 85 sem þyrfti að fara um Vopnafjörð og tengjast vagninum á þjóðvegi 1 þegar hann fer milli Akureyrar og Egilsstaða. Þannig gætu orðið til áhugaverðar hringleiðir.

Hvað samkeppni snertir milli Strætó og fyrirtækja með rútuferðir þá töldu fundarmenn að vissulega yrði um einhverja samkeppni að ræða en þó væru þetta á hinn bóginn ólíkar ferðir sem væru í boði. Strætó einbeitir sér að því að koma fólki milli staða með sem skjótustum hætti og rétt er að hann leggi alla áherslu á það. Hins vegar eru ýmsar rútuferðir, gjarnan með leiðsögn þar sem stoppað er um stund á tilteknum stöðum og það er allt önnur þjónusta og aðrir markhópar sem þar er verið að höfða til.

Fram kom það sjónarmið að ekki ætti að fjölga föstum áningarstöðum, enda gætu menn beðið vagninn að stoppa til að fara úr honum eða koma upp í hann. Grunnhugmyndin væri ekki sérstaklega sniðin að ferðamönnum heldur að koma fólki milli staða með sem minnstum töfum. Á það ætti að leggja áherslu, þ.e. að efla almenningssamgöngur út frá þörfum íbúanna. Ferðamenn yrðu að aðlagast því kerfi og gætu verið góð viðbót, einkum yfir sumarið. Þarfagreiningin byggði á þessu, þ.e. að þjóna þeim sem færu reglubundið á milli staða, einkum Húsavíkur og Akureyrar og Siglufjarðar og Akureyrar t.d. vegna náms og vinnu.

Það sjónarmið kom fram að skilgreining á stærð bíla í útboðinu hefði verið röng, sérstaklega á leiðum austur frá Húsavík þar sem væri pöntunarþjónusta. Það væri ekki nokkurt vit í því

að sækja allt niður í einn farþega um jafn langan veg og væri milli Húsavíkur og Þórshafnar með rútu. Dæmi væri um að einn farþegi hefði verið sóttur þangað á 56 sæta bíl.

Rætt var um ferðir milli Akureyrar og Egilsstaða og að seinni ferðin væri óþarflega snemma sem gerði það að verkum að enginn tími væri til að staldra við í Mývatnssveit á milli ferða. Meiri hagsmunir væru þó að haga áætluninni eins og gert er enda gæfi það færi á að fara frá Egilsstöðum að morgni, erinda á Akureyri og komast aftur austur að kvöldi. Þess ber að geta að möguleiki skapaðist á dvöl í Mývatnssveit milli ferða þegar sumaráætlun tók gildi, en það var ekki vitað þegar fundurinn í rýnihópnum var haldinn.

Nokkuð var kvartað undan því að leikreglur væru ekki nægilega skýrar. Hvað er rútu-fyrirtækjum leyfilegt að gera? Nefnd voru dæmi um dómamál þar sem rútu-fyrirtæki keyrði á leið Strætó. Hversu mikil má skörunin vera? Er leyfilegt að aka frá Akureyri um Húsavík og Mývatnssveit á svokölluðum Dettifosshring? Þá voru vangaveltur um það hvort algjör kúvending hefði verið nauðsynleg eða hvort bæta hefði mátt þær almenningssamgöngur sem fyrir voru samkvæmt sérleyfum með því að verja meiri fjármunum til þeirra eins og nú væri gert með Strætó.

Spurt var af hverju væri keyrt um Kinn, Þjóðveg 82, í stað þess að fara yfir Fljótshéiði með viðkomu á Laugum sem væri fjölmennasti byggðakjarninn í Þingeyjarsveit og tengja staðinn þannig við Akureyri og Húsavík.

Aftur var rætt um tengingar við flug, t.d. Leifstöð, endastöð Strætó í Mjódd í Reykjavík og hvort ekki væri skynsamlegt að gera breytingar til að auðvelda tengingu flugs við almenningssamgöngur, bæði flugs um Keflavíkurflugvöll og innanlandsflugs. Einnig var rætt um aðstöðuna á Akureyri og að stoppistöðin við Hof væri ekki forsvaranleg og jafnvel beinlínis hættuleg. Sú hugmynd kom fram hvort hugsanlega væri betra að endastöðin væri á Akureyrarflugvelli, þó stoppað væri við Hof. Á flugvöllinum væri húsnæði í opinberri eigu, þar mætti selja farmiða og þar væri tiltekin þjónusta til staðar, bæði hvað varðar veitingar og aðgengi að snyrtingum.

Meginatriðið væri þó að Strætó fengi að þróa núverandi þjónustu á þeirri forsendu að veita íbúum viðkomandi svæða skjótan og öruggan ferðamáta milli staða, bæta tengingu við flug og koma á betri samgöngum innan einstakra héraða og staða, sérstaklega í Þingeyjarsýslum.

## **5.5. Samantekt um rýnihópa og samanburður milli þeirra**

Þarfir svæðanna eru talsvert mismunandi hvað varðar notkun á þeirri tegund almenningsgangna sem Strætó er. Í Eyjafirði eru fjölbreyttari valkostir í boði og þá sérstaklega innanlandsflugið en ljóst er að áhersla á að nota Strætó til að komast hratt og örugglega milli staða var meira áberandi í öðrum rýnihópum en þar. Annað sem tengist þessu eru t.d. pakkaflutningar og flutningar á dagvöru s.s. brauði en eftir að Strætó tók við af sérleyfishöfunum þá datt þessi þjónusta upp fyrir og er saknað, sérstaklega á stöðum á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Í öllum rýnihópunum töldu menn að mikilvægara væri að lagfæra ýmis hagnýt atriði og skilgreina betur ákveðna þætti í þjónustunni fremur en að tilgreina fleiri áningarstaði, enda gætu farþegar beðið vagninn að stoppa til að fara úr honum eða koma upp í hann. Brýnt væri að halda tímaáætlun og ef stoppistöðvum yrði fjölgað gæti áætlunin raskast. Grunnhugmyndin væri ekki sérstaklega sniðin að ferðamönnum heldur að koma fólki milli staða með sem minnstum töfum. Á það ætti að leggja áherslu, þ.e. að efla almenningsgangur út frá þörfum íbúanna. Ferðamenn yrðu að aðlaga sig því kerfi og þeir gætu verið góð viðbót, einkum yfir sumarið. Heimamenn gætu síðan unnið í því að búa til fleiri leiðir til að tengjast Strætó, sbr. Vatnshringinn og útvíkka þannig möguleika ferðamanna á að nota þær almenningsgangur sem í boði eru.

Upphafleg þarfagreining fyrir Strætó byggði fyrst og fremst á því að þjóna þeim sem fara reglubundið á milli staða, einkum Húsavíkur og Akureyrar og Siglufjarðar og Akureyrar t.d. vegna náms og vinnu. Einnig var nefnt dæmi um námsfólk frá Skagaströnd og Blönduósi, sem nú gæti með hagkvæmum hætti stundað nám í skólum á Akureyri. Þá var þess getið að eldra fólk sem óvant væri að keyra í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu ætti þarna góðan kost.

Mikil umræða var um upplýsingamál og þörfina á að gera betur í þeim efnum. Netsíða Strætó á netinu fékk ekki góða einkunn, m.a. vegna þess að upplýsingar á ensku skortir verulega og óhægt er um vik að átta sig á leiðakerfinu. Þarna komu fram mismunandi þarfir íbúa svæðanna annars vegar og ferðamanna hins vegar. Þetta sýnir nauðsyn þess að ræða betur þátt og hlutverk almenningsgangna í ferðaþjónustu.

Nokkuð var kvartað undan því að ekki væru nægilega góðar upplýsingar um hvað mætti taka með sér af farangri eða búnaði, t.d. reiðhjól.

Spurt var um aukna þjónustu, þ.e. að hefja ferðir með Strætó til Hóla og Hofsóss, eða jafnvel alla leið til Siglufjarðar sem þá gæti tengst ferðum milli Siglufjarðar og Akureyrar. Fram kom

að mikið væri spurt um hvernig komast mætti milli Varmahlíðar eða Sauðárkróks annars vegar og Hóla og/eða Hofsós hins vegar, en sárlega vantaði tengingu milli þessara staða.

Það sjónarmið kom fram að skilgreining á stærð bíla í útboðinu hefði verið röng, sérstaklega á leiðum austur frá Húsavík þar sem væri pöntunarþjónusta. Það væri ekki nokkurt vit í því að sækja allt niður í einn farþega með rútu um jafn langan veg og væri milli Húsavíkur og Þórshafnar. Dæmi væri um að einn farþegi hefði verið sóttur þangað á 56 sæta bíl.

Nokkuð var kvartað undan því að leikreglur væru ekki nægilega skýrar. Hvað er rútu-fyrirtækjum leyfilegt að gera? Nefnd voru dæmi um dómamál þar sem rútu-fyrirtæki keyrði á leið Strætó. Hversu mikil má skörunin vera? Er leyfilegt að aka frá Akureyri um Húsavík og Mývatnssveit á svokölluðum Dettifosshring? Þá voru vangaveltur um það hvort algjör kúvending hefði verið nauðsynleg eða hvort bæta hefði mátt þær almenningssamgöngur sem fyrir voru samkvæmt sérleyfum með því að verja meiri fjármunum til þeirra eins og nú væri gert með Strætó.

Í rýnihópunum var rætt um hvort Mjóddin í Reykjavík væri heppilegasta endastöðin fyrir Strætó og inn í þá umræðu spunnust hugleiðingar um tengingu við flug og BSÍ. Tvímælalaust væri fengur að Strætó, en þó þyrfti margt að þróa betur.

Rætt var um tengingar við flug, bæði Leifsstöð og flugvöllinn á Akureyri og reyndar einnig við Aðaldalsflugvöll. Í því samhengi var fjallað um endastöð Strætó í Mjódd í Reykjavík tengingu við BSÍ og hvort ekki væri skynsamlegt að gera breytingar til að auðvelda tengingu flugs við Strætó, bæði flugs um Keflavíkurflugvöll og innanlandsflugs. Einnig var rætt um aðstöðuna á Akureyri og að stoppistöðin við Hof væri ekki forsvaranleg. Sú hugmynd kom fram hvort hugsanlega væri betra að endastöðin væri á Akureyrarflugvelli, þó stoppað væri við Hof. Á flugvellinum væri húsnaði í opinberri eigu, þar mætti selja farmiða og þar væri tiltekin þjónusta til staðar, bæði hvað varðar veitingar og aðgengi að snyrtingum.

Það sjónarmið var ráðandi að meginatriðið væri að Strætó fengi að þróa núverandi þjónustu á þeirri forsendu að veita íbúum viðkomandi svæða skjótan og öruggan ferðamáta milli staða. Hugmyndir um fleiri leiðir og fjölgun áningarstaða ætti síðan að skoða í ljósi frekari reynslu.

## 6. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Umræða um tengsl ferðapjónustu og almenningssamgangna hefur ekki verið áberandi. Þó hefur hún aukist nokkuð eftir að breytingar voru gerðar með niðurfellingu á sérleyfum til aksturs á ýmsum leiðum og í staðinn hefur komið Strætó sem rekinn er á ábyrgð samtaka sveitarfélaga, t.d. leið 57 sem ekur á milli Akureyrar og Reykjavíkur, sbr. það sem áður hefur komið fram í þessari skýrslu.

Misjafnt var eftir svæðum hverju menn svöruðu um tímaáætlun Strætó. Fyrir Norðurland í heild töldu 40% svarenda hana falla vel að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í sínu nágrenni en 28% töldu hana falla illa að þörfum farþega.

Hliðstæð útkoma var með tíðni ferða hjá Strætó fyrir Norðurland í heild, þ.e. 37% sögðu vel en 28% sögðu illa. Mikill munur var samt eftir svæðum.

Svipaðar tölur komu fram varðandi það hvernig leiðin sem vagninn fer falli að þörfum þeirra ferðamanna sem vilja skoða áhugaverða staði í nágrenni þeirra sem svöruðu. 39% sögðu vel og 24% sögðu illa. Enn og aftur var mikill munur milli svæða og hvað þrjá framangreinda þætti snertir voru það aldrei sömu svæðin sem skáru sig úr með mikla jákvæðni eða neikvæðni, sbr. myndir 5 til 7 í fjórða kafla.

Hversu vel eða illa telur þú að pöntunarþjónusta Strætó (þar sem það á við) falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? Í svörum við þessari spurningu kom fram mjög mikill munur eftir svæðum, allt frá því að einungis 14% svöruðu vel til þess að 46% segðu vel. Fyrir Norðurland í heild sögðu 33% vel og 24% illa.

Svipað er uppi á teningnum þegar spurt er um stoppistöðvar. Þeir sem telja þær henta farþegum vel sveiflast frá 26% til 60% eftir svæðum, en fyrir Norðurland í heild segja 37% þær henta vel en 23% illa.

Hversu vel eða illa telur þú að kynning leiðarkerfis Strætó falli að þörfum þeirra sem vilja skoða áhugaverða staði í þínu nágrenni? Svörin við þessari spurningu eru nokkuð sér á parti. Ekki er mikill munur eftir svæðum og fyrir Norðurland í heild telja einungis 21% að kynning á leiðakerfi strætó hafi heppnast vel og 41% segja að kynningin hafi tekist illa. Þetta sýnir að gera þarf betur í kynningarmálum hjá Strætó og það kemur heim og saman við það sem kom fram á fundum með rýnihópum.

Ýmis sjónarmið komu fram í samtölum við aðila í ferðapjónustu og einnig í rýnihópum um kosti og galla Strætó, samanborið við það sem áður var á sérleyfisleiðum. Rútufyrirtæki keyra enn á mörgum leiðum og þá vakna spurningar um samkeppni og fleira. Hefði þeim

framlögum sem Strætó fær nú verið betur varið með einhverju öðru fyrirkomulagi, t.d. með niðurgreiðslum á tilteknum sérleyfisleiðum? Einnig hafa vaknað spurningar um áherslur í almenningssamgöngum, t.d. um það að hve miklu leyti eigi að taka tillit til ferðaþjónustu. Þetta eru eðlilegar vangaveltur vegna þess að í grunninn eru almenningssamgöngur hugsaðar til að koma farþegum á milli staða með skjótum og öruggum hætti. Ferðamenn verða að laga sig að þessu og geta ekki vænst þess að staldrað sé við á tilteknum stöðum um lengri eða skemmri tíma. Því er ekki furða þó forsvarsmenn fyrirtækja sem lifa á því að aka með farþega til ýmissa staða spyrji að hve miklu leyti það sé réttlætanlegt að greiða niður fargjöld með Strætó, t.d. fyrir erlenda ferðamenn, í samkeppni við þessi fyrirtæki.

Það kom nokkuð á óvart hve fáir áningarstaðir voru nefndir til viðbótar þeim sem eru í núverandi leiðakerfi. Í rýnihópunum var áhersla flestra lögð á að mikilvægast væri að vagnar Strætó héldu áætlun og að fjölgun áningarstaða mundi leiða til lengri ferðatíma, sem ekki væri heppilegt.

Gagnrýnt var að erfitt væri að átta sig á við hvað væri átt með sumum spurningum í könnun, t.d. um aðgengi. Hvort þetta væri spurning um að viðkomandi staður væri við strætóleið eða hvort auðvelt væri að komast þangað, t.d. til einstakra staða í náttúrunni. Vissulega getur þetta verið matsatriði og einnig hvað er í nágrenni þeirra sem svöruðu. Hugsanlega hefði þurft að skilgreina þetta betur þegar spurningarnar voru sendar út, sbr. umfjöllun framar í þessari skýrslu um hve langt frá strætóleið megi fara til þess að viðkomandi áningarstaður teljist við leiðina.

Þetta ber að hafa í huga þegar niðurstöður eru metnar og túlkaðar. Þrátt fyrir þetta gefa niðurstöður ákveðnar vísbendingar sem vonandi nýtast til að bæta almenningssamgöngur og þá þjónustu sem þar er veitt.



## 7. VIÐMÆLENDASKRÁ

Björn Þór Kristjánsson, Blöndubýggð ehf., Blönduósi.

Dagný Marín Sigmarsdóttir, Spákonuhöfinu, Skagaströnd.

Einar Gíslason, Húsavíkurstofu.

Geir Gíslason, Akureyri Backpackers.

Gunnar Jóhannesson, Fjallasýn, Reykjahverfi, Norðurþing.

Inga Bryndís Ingvarsdóttir, Vesturfarasetrinu, Hofsósi.

Jóhann Albertsson, Sveitasetrinu Gauksmýri.

Juliane Brigitte Kauertz, Pólarhestum, Grýtubakkahreppi.

Katharina A. Schneider, Þekkingarsetrinu, Blönduósi.

Lárus B. Jónsson, Glaðheimum, Blönduósi.

María Helena Tryggvadóttir, Akureyrarstofu.

Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings.

Pétur Snæbjörnsson, Hótel Reynihlíð.

Pétur H. Stefánsson, KS Varmahlíð, Skagafirði.

Reinhard Reynisson, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Sigríður María Róbertsdóttir, Rauðku ehf., Siglufirði.

Sigurður Friðriksson, Bakkafliot, Skagafirði.

Svanhildur Pálsdóttir, Hótel Varmahlíð.

Unnsteinn Ingason, Ferðaþjónustunni Narfastöðum.

Valgeir Þorvaldsson, Vesturfarasetrinu, Hofsósi.

Valgerður Björg Stefánsdóttir, Ferðaþjónustunni Hólum í Hjaltadal.

Viggó Jónsson, Drangeyjarferðum og Skíðasvæðinu Tindastóli.

Vignir Skúlason, Selasetri Íslands ehf., Hvammstanga.

Þórhildur Gísladóttir, Upplýsingamiðstöð ferðamanna, Akureyri.

Þórólfur Sigurjónsson, Sveitasetrinu, Hofsstöðum, Skagafirði.

## **8. HEIMILDIR**

[http://eything.is/frettir\\_nanar.php?frettID=150](http://eything.is/frettir_nanar.php?frettID=150)

<http://www.straeto.is/>

<http://s.is/journeyplanner/enterJourneyPlan.do;jsessionid=D7EFC4E97C6A1B202B7BF99466781F0D.icelandD?hss=hJj8075989490>

## 9. VIÐAUKAR

### 9.1. *Opin svör við spurningu 7. „Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri ?“*

- Að fjölga stoppstöðvum þ.e. að fólk geti farið oftast inn/út úr Strætó.
- Betri kynning fyrir útlendinga á leiðarkerfinu, þannig að þeir fari út á land (Norðurland). Tímaáætlanir standist vel. Kynna þarf vel alla þjónustu á þessu svæði svo ferðamenn jafnist um allt svæðið.
- Ef SBA mun ekki bjóða upp á ferðir að Dettifossi í sumar þá er nauðsynlegt að ferðamenn geti nýtt sér rútuferðir þangað bæði ofan úr Mývatnssveit og frá Ásbyrgi.
- Ef Strætó á að þjónusta vel þurfa að vera hnitmiðaðri ferðir m.t.t. tímaáætlana og alveg út í hött að þurfa að panta ferð með 4 klst. fyrirvara. Það verður þá til þess að ferðamenn lendi oftast en ekki í vandræðum ef þeir þurfa á almenningssamgöngum að halda t.d. með 2-3 klst. fyrirvara.
- Ég held að það sé best að þegja. Takk fyrir.
- Endilega rannsaka betur Strætó pælingar að keyra hér fyrir norðan.
- Endurskoða þarf áætlun Strætó og laga að þörfum bæði ferðafólks og heimamanna.
- Enn gengur Strætó ekki í Grýtubakkahrepp. Vonandi verður hann hér sem fyrst.
- Ég bý og rek ferðapjónustu á utanverðum Tröllaskaga, nánar tiltekið í Fljótum. Það sárvantar bættar samgöngur á þessu svæði, hringakstur um Tröllaskagann sem mundi tengja saman alla þá áhugaverðu staði sem þar eru og ekki síst Siglufjörð, Hofsóss og Sauðárkrók.
- Ég tel mikilvægt að Strætó bjóði uppá akstur um Eyjafjarðarhringinn um tiltölulega stutta vegalengd er að ræða en þar má m.a. hafa viðdvöl á að vestanverðu; Jólalúsið, sundlaugin á Hrafnagili, Grundarkirkju, Saurbæjarkirkju, Holtsel/ís og Smámunasafnið en að austanverðu má nefna Silva hráfæðistaðinn, Kaffi Kú, Munkaþverárkirkju og Golfvöllinn að Þverá.
- Ég vildi óska að ég gæti tekið þátt í þessari könnun og lagt þannig mitt af mörkum en ég bý í Grímsey og þess vegna er ég ekki gjaldgeng í þessari könnun. Gangi ykkur samt vel.
- Finnst bagalegt að ekki sé hægt að stóla á Strætó til að redda sér með litlar sendingar t.d. frá Akureyri.

- Finnst heimasíða Strætó ekki nógu góð og skilmerkileg.
- Frábært mál að hafa Strætó. og alveg klárt mál að ferðamenn eiga eftir að nota Strætó mikið. Mætti vera í boði að stoppa líka hjá Selasetrinu þar sem upplýsingamiðstöð ferðamanna er staðsett þar sem ferðamenn fá greinargóðar upplýsingar um svæðið. Það ætti ekki að muna miklu þar sem stutt er frá núverandi stoppistöð þ.e. Soppunni að Selasetrinu. Eins væri líka gott að bílstjórar kunni ensku :).
- Fyrir Mývatnssvæðið væri mun hentugra að leiðin væri ekin akkúrat öfugt þ.e að Strætó færi frá Akureyri kl. 8:30 þ.e Hofi og kæmi við á flugstöðinni snemma að morgni (fyrsta flug frá Rvk lendir kl.8) og kæmi í Mývatnssveitina um 10 leytið, færi svo áfram til Egilsstaða. Kæmi svo til baka frá Egilsstöðum að Mývatni um kl. 17 og færi þá inn á Ak, kæmi við á flugstöðinni og endaði svo á Hofi. Þannig gætu dagsferðalangar frá Rvk komið í Mývatnssveit í dagsferð, dvalið í sveitinni frá 10-17, tekið ýmsar ferðir og skoðað svæðið. Með þessu móti gætu líka allir ferðarþjónustuaðilar og hótél bent sínum kúnum á að taka fyrsta flug á Ak norður og hoppa þar upp í Strætó og þá er fólkið komið með Strætó í sveitina kl. 10 og gætu svo dvalið sína daga í sveitinni og farið síðan í lok síðasta dags kl.17 með Strætó til baka á flugvöllinn á Ak.
- Gagnrýnt hefur verið að Strætó komi ekki lengur út á Hvammstanga og upplifun margra er að þar sé um þjónustuskerðingu að ræða frá því sem áður var. Hins vegar er þjónusta þeirra sem annast akstur í veg fyrir Strætó með miklum ágætum og skal ekki gagnrýnd hér.
- Gott að áætlun taki tillit til skólafólks sem sækir skóla á Akureyri frá lok ágúst til júní.
- Gott framtak en auka þarf ferðir milli Akureyrar og Dalvíkur um helgar og á kvöldin.
- Gott væri að koma Strætónum út að austan þannig að Strætó færi hringinn um Tröllaskagann.
- Hefði þurft að vera veit ekki liður.
- Í vikunni var ég að leita upplýsinga fyrir erlendan ferðamann sem ætlaði að nýta sér leið þar sem er pöntunarþjónusta. Ég rakst hvergi á það í enskum texta að það þyrfti að pantast og enga einfalda leið fyrir ferðamenn til að leita sér upplýsinga inn á vef Strætó. Erlendir ferðamenn eru löngu farnir að plana sumarferðir sínar og upplýsingagjöf til þeirra er afar léleg.
- Já m.a. þá væri frábært að fá Strætó leiðina Ak til Grenivíkur, m.a. gæti ég og mitt starfsfólk nýtt okkur þennan kost.

- Já við erum í Félagsheimilinu Húnaveri og við erum ekki sátt við að Strætó fari ekki framhjá okkur.
- Já það er MJÖG ég meina MJÖG mikilvægt fyrir ferðamanninn að Strætó komi INNÁ Hvammstanga ekki stoppa á norðurbrautinni og ferjað svo með bíl. Það samræmist ekki ferðamanninum alls ekki,,, mikill afturför með því að hætta við að koma hingað inná Hvammstanga við hrundum niður um 15 ár til fortíðar,,,,.
- Jákvætt ef hægt væri að koma á samvinnu milli Strætó og menningarviðburða á leið vagnsins.
- Kærar þakkir fyrir að koma á þessum ferðum og verðið virðist vera viðunandi. Ég fæ iðulega gesti með Strætó og allir eru glaðir. Þó er eitt sem þarf að laga hjá ykkur en það þarf að koma skilaboðum á ensku líka á heimasíðuna þar sem margir erlendir lista-menn koma til okkar í Textílsetrið á veturna. Ef að ófærð er vita þeir ekkert. Svo mætti fjölga ferðum á sumrin þ.e. hafa þrjár ferðir yfir daginn, fram og til baka.
- Laga heimasíðu þannig að hægt sé að átta sig á hvaðan og hvert Strætó fer og klukkan hvað er erfiðleikum háð fyrir þokkalega tölvulæst fólk í dag þannig að það er sennilega illmögulegt eða jafnvel ómögulegt fyrir eldra og kannski ekki eins tölvulæst fólk að ekki sé nú talað um útlendinga.
- Margir eru búsettir í Eyjafjarðarsveit sem sækja skóla og vinnu til Akureyrar. Áætluarferðir myndu breyta miklu fyrir þetta fólk sem og fólk í ferðaþjónustunni að geta bent á almenningsamgöngur á milli Akureyrar og Hrafnagilshverfis, sem eru aðeins 11 km frá Hofi.
- Meira áberandi auglýsingar.
- Mér finnst að það hefði verið nær að eyða þeim peningum sem sveitarfélögin borga í Strætó til að styrkja sérleyfishafa á svæðinu. Þjónusta þeirra var mun betri en þjónusta Strætó. Strætó dettur t.d. í hug að tilkynna farþegum það á Mývatnsheiði að þeir ætli að snúa við á leið í Mývatnssveit og Egilsstaði vegna þess að það er ófært á Mývatnsöræfum, þó farþegar séu í bílnum sem séu búnir að kaupa sér far í Reykjahlíð. Bílstjórar virðast vera mjög mis mikið inni leiðinni sem þeir aka og bílarnir ekki undirbúnir fyrir vetrarakstur á Norðurlandi.
- Nú eru ferðaþjónustuaðilar að taka sig saman og kynna svæðið: Arctic Bow, sem er Tröllaskagaboginn, frá Sauðárkróki til Akureyrar. Er þetta gert til að örva ferðamennsku um svæðið og viðskipti ferðaþjónustuaðilana í leiðinni. Að Strætó keyri frekar um eyðilega

Öxnadalsheiði og langan dalinn þar á eftir út í Eyjafjörð er mikil synd, því útsýni í Skagafirði er stórfenglegt, sundlaugin á Hofsósi er mögnuð, margt að skoða og gera á Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík. Þetta þarf að tengjast við Skagafjörðinn, annars er Siglufjörður nýja endastöðin eins og Ólafsfjörður var áður, í samgöngulegu tilliti.

- Strætó á að hafa stoppistöð á Hvammstanga.
- Strætó gengur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum EKKI til Grenivíkur. Það er með ólíkindum vegna atvinnuástands sem er mjög gott á Grenivík, gerist hvergi betra á landinu. Einnig eru Grenvíkingar sem vinna á Akureyri og tölum nú ekki um alla framhaldsskólakrakkana sem mundu nýta sér ferðir ef þær væru í boði. Óskiljanleg ákvörðun hjá Strætó að sleppa þessari leið !!!
- Strætó þarf nauðsynlega að koma við á Flugvöllinum á Akureyri og Flugsafninu.
- Tímaáætlanir Strætó mættu standast betur.
- Undirritaður vill koma á framfæri kvörtun vegna augljósra galla á þessu nýja leiðakerfi Strætó um mið- Norðurland. Það vantar tengingu á milli Sauðárkróks og Siglufjarðar við Strætó sem gengur þaðan til Dalvíkur og Akureyrar, fram og til baka. Það tekur farþega sem fara frá Siglufirði til Akureyrar og suður til Reykjavíkur um tveggja klukkustunda lengri tíma að fara þá leið, en ef auka Strætó yrði í förum á milli Siglufjarðar og Sauðárkróks í veg fyrir Strætó frá Akureyri á leið suður og öfugt. Að sjálfsgöðu yrðu fargjöldin mikið ódýrari frá Sigló - Sauð - Rvík, sem er mikið styttri leið. Að auki, og ekki síst, eru þetta mannréttindamál fyrir alla íbúana og ferðaþjónustuaðila, sem búa á svæðinu á milli Siglufjarðar og Sauðárkróks. Það er augljóst að við sem búum á þessu svæði getum ekki tekið þátt í þessari könnun fyrr en þessi mannréttindabrot hafa verið leiðrétt.
- Upphaf ferða og endir í Reykjavík eiga að vera á BSÍ !! Það þyrfti að einfalda sölukerfi (sérstaklega fyrir erlenda ferðamenn).
- Vil minna á hve mikilvægt það er að hafa samgöngur niður að Hríseyjarferjunni ef hugsað er til ferðaþjónustunnar. Einnig tel ég gríðarlega mikilvægt að hafa samgöngur frá flugvöllinum á Akureyri og inn í bæ, veit ekki hvort það sé eitthvað sem er á ykkar könnu en það tel ég mjög mjög mikilvægt að bæta þar sem umferð um völinn á eftir að fara vaxandi.
- We promote art, art and cultural exchange, art connecting with nature.

- Það er afar brýnt og þarft verkefni að bæta Strætóþjónustu í Þingeyjarsveit. Það má t.d. gera með því að láta allar eða einhverjar ferðir milli Akureyrar og Húsavíkur keyra Aðaldalinn og koma við á Laugum. Líka mætti sjá fyrir sér að panta þyrfti og þá félli leið um Köldukinn niður í staðinn.
- Það er ansi snúið að svara könnuninni þar sem maður þekkir ekki nógu vel til þjónustu Strætó og hvernig hún muni ganga. Ég var reyndar búinn að kynna mér upplýsingabæklinginn um leiðirnar og leist bara mjög vel á framtakið og langar hreinlega til að prófa að ferðast með Strætó á milli Akureyrar og Reykjavíkur við tækifæri. En flott framtak og vonandi fáði þið nothæfar niðurstöður.
- Það er bara frábært hvað Skagafjörður hefur uppá að bjóða og það hefur þurft áttak til að laða ferðamanninn að og sýnist mér að við Skagfirðingar séum að taka við okkur í þeim efnum sem er mjög gott. Áfram Skagafjörður :).
- Það er erfitt að meta þetta Strætó dæmi þar sem ég hef ekki kynnt mér málið nægjanlega vel.
- Það er erfitt að treysta á samgöngur þar sem panta þarf fyrirfram og því ekki auðvelt að svara spurningum um hvort ferðatíðni henti.
- Það er sérstakt að það skuli þurfa að panta með einhverra klukkustunda fyrirvara ef fólk ætlar að ferðast til Þórshafnar, eða reyndar hvert sem er austur fyrir Húsavík. Menn telja að þetta muni heldur ekki ganga með ferðamenn, hæpið að t.d. útlendingarnir átti sig á þessu fyrirkomulagi. Þetta er jú ekki það algenga í almennings-samgöngum (rútum sem ganga daglega, þá mæta menn venjulega rétt fyrir áætlaðan brottfarartíma.) Eins finnst mér það ekki nógu gott að geta ekki fengið upplýsingar hjá bílstjóra um hvenær Strætó muni verða ca. við ákveðin afleggjara þ.e. ferðamanna-stað, en það er bannað að hringja í bílstjóran. Þetta getur valdið vandræðum, t.d. kom hér erlendur ferðamaður í gær sem hafði beðið okkur um áður en hann lagði af stað að láta ná í sig út við aðalveg en hingað eru 2 km frá þjóðvegi og samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum hjá Strætó í RVK átti bíllinn að verða um 12:30 við afleggjarann en farþeginn var kominn gangandi hér heim í hlað 12:20. Þetta væri allavega ekki heppilegt í leiðindaveðri! Vonum að þessi mál verði endurskoðuð, ef þessi þjónusta á að vera í boði áfram.
- Það vantar tilfinnanlega að tengja mikilvæga áningarstaði ferðafólks, skólafólks og launþega í Skagafirði við leiðakerfi Strætó. Má þar nefna Hofsó og Hóla í Hjaltadal. Full ástæða væri jafnframt til að kanna og kostnaðarmeta aukaferðir vagna á milli helstu

þéttbýlisstaða í Skagafirði og á Norðurlandi vestra, til að auðvelda launþegum og skólafólki að komast á milli staða.

- Það væri fínt að auglýsa betur áætlunina hjá Strætó á Norðurlandi.
- Það væri gott að hægt væri að fara allan Tröllaskagann með Strætó/áætlunarbifreið.
- Það væri gott að sjá Strætó fara hringinn um Tröllaskaga og tengjast ferðum suður í Skagafirði.
- Það væri mjög kærkomið ef Strætó gæti verið á Akureyrarflugvelli í sambandi við fyrsta flug frá Reykjavík á morgnana. Fólk gat stólað á það hjá fyrri sérleyfishöfum og komist í Öxarfjörð og til Raufarhafnar í beinu framhaldi af fyrsta flugi.
- Það væri æskilegt að ökumenn Strætó sýndu þroska og hæfni í umferðinni, ækju miðað við aðstæður og tækju ekki framúr á blindhæðum. Því miður er Strætó ekki til fyrirmyndar á þjóðvegum landsins.
- Það þarf að auglýsa Strætó mjög vel og breyta hugafari fólksins í sambandi við samgöngur og mengun. Þegar mengun af völdum bíla, flugvéla og skipa er skoðuð og borin saman við það sem gerist hjá öðrum þjóðum erum við Íslendingar einna efstir á blaði miðað við íbúafjölda. Ísland - hreint land?
- Það þarf að koma tengingu með Strætó Þórshöfn - Bakkafjörður - Vopnafjörður - Egilsstaðir. Eins og kerfið er verður fólk að fara til baka sömu leið um nokkur hundrað kílómetra og margir hætta þess vegna við að koma hingað austur. Ég er viss um að það mundi auka notkun á Strætó um okkar svæði. Er mjög ánægð með nýja pöntunarkerfið og samhlíða því möguleika á tíðari ferðum til Þórshafnar. Takk fyrir mig :).
- Það þarf að laga tíðni, aðgengi og vefsíðu Strætó.is svo hún sé auðlesnari og aðgengilegri fyrir bæði ferðamenn og þjónustuaðila.
- Það þarf að vera hægt að kaupa miða í Varmahlíð!!!!!!
- Það sem er varla hægt fyrir útlenda gesti og jafnvel fyrir Íslendinga sem eru ekki frá svæðinu er að átta sig á hvar stoppstöðvarnar eru.
- Þarf að gera vefsíðu Strætó þægilegri. Erfitt að finna áætlun sem leitað er að. Sniðugt væri að hafa Strætó í kringum Mývatn á sumrin. Mikið af ferðafólki gengur á milli staða og myndi þiggja Strætó til baka.
- Þessari könnun er nánast ógjörningur að svara. Hver er tilgangurinn? Stendur til að fara útúrdúra í áætlunarferðum að tilteknum stöðum? Eða á að bjóða uppá sérstakar ferðir?



Hvað er gott aðgengi í þessari könnun? Er slæmt aðgengi að Laufási vegna þess að Laufás er ekki á áætlunarleið en gott aðgengi að Goðafossi vegna þess að það er „í leiðinni“? Og hvað þá um veturinn? Nei því miður fallast mér hendur. Ég hef hins vegar heyrt marga gagnrýna þjónustu Strætó m.a. að ekki megi treysta staðsetningarkerfinu þ.e. hvar vagninn er hverju sinni, að ekki sé hægt að hafa beint símasamband við bílstjóra fyrir þá sem búa í dreifbýlinu og þarf að taka uppí á leið vagnanna þ.e. ekki á hefðbundnum stoppistöðvum. Einnig að ekki sé hægt að kaupa kort í vögnunum (aðeins stakar ferðir) og að ekki sé miðasala í Hofi. Læt hér staðar numið og er fús að svara annarri könnun ef ég bara fæ að vita um hvað og hvers vegna verið er að spyrja.

- Þessi könnun er algerlega persónurekjanleg öfugt við það sem kom fram í tölvupóstinum.
- Þjónustan þarf að vera betri og í samræmi við það sem er að gerast á svæðinu og þann mikla ferðamannastraum og vera í tengingu við flug og þess háttar áætlanir.
- Því miður tel ég mig ekki hafa næga þekkingu á málinu til að svara spurningalistanum. Vil síður setja fram einhverjar tilgátur sem eru svo alls ekki réttar.
- Ömurlagt að komast ekki í flug á Akureyri með Strætó og geta ekki fengið pakka nema með áætlunarferðum flutningsfyrirtækjanna og póstinum. Rútan var svo miklu þægilegri viðureignar þegar verulega lá á að fá mikilvægar sendingar, svo maður tali nú ekki um sendingar úr Reykjavík. ATH ef pakki er sendur með flugi frá RKV-HZK þarf að sækja hann fram á flugvöll á Húsavík, meðan rútan gekk (fyrir tíma Strætó) var hægt að fá pakka sendan úr RKV til AEY og áfram með rúttunni.